



# Stjórn Reykjaneshafnar

## Fundargerð

259. fundur Stjórnar Reykjaneshafnar haldinn fimmtudaginn 13. janúar 2022 kl. 17:00. Fundurinn er Teams fjarfundur.

**Mættir:** Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Hanna Björg Konráðsdóttir varaformaður, Kristján Jóhannsson aðalmaður, Sigurður Guðjónsson aðalmaður, Úlfar Guðmundsson aðalmaður og Halldór Karl Hermannsson hafnarstjóri.

## DAGSKRÁ

### 1. Fjármál Reykjaneshafnar. (2022010193)

Hafnarstjóri fór yfir útistandandi kröfur Reykjaneshafnar um s.l. áramót. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar telur rétt að við vinnslu á ársreikningi hafnarinnar vegna ársins 2021 verði sett í varúðarniðurfærslu viðskiptakrafna, kröfur að upphæði 1.743.468.- krónur, vegna óvissu um innheimtu þeirra en þessi upphæð er innan við 1% af þjónustutekjum ársins. Jafnframt er lagt til kröfur að upphæð 673.596.- verði bakfærðar vegna breyttra forsenda í innheimtu þeirra. Samþykkt samhljóða.*

### 2. Hafnarmannvirki Reykjaneshafnar. (2020030194)

Hafnarstjóri fór yfir stöðu mál vegna fyrirhugaðar framkvæmda hjá höfninni.

### 3. Lóðir Reykjaneshafnar. (2020050255)

Á fundinn mætti Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs Reykjaneshafnar undir þessum lið.

- Fitjabraut 5 og 7.** Sviðsstjóri umhverfissviðs fór yfir drög að samkomulagi sem gert hefur verið við fyrrum lóðarhafa Fitjabrautar 5 og 7. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar samþykkir fyrirbyggjandi drög og felur hafnarstjóra að undirrita þau. Samþykkt samhljóða.*
- Njarðarbraut 20.** Sviðsstjóri umhverfissviðs fór yfir fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi lóðarinnar Njarðarbraut 20 en Reykjaneshöfn er þar landeigandi. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar samþykkir fyrir sitt leiti breytt fyrirkomulag en leggur áherslu á að tekið sé tillit til hagsmuna Reykjaneshafnar við þessa framkvæmd. Samþykkt samhljóða.*

### 4. Reykjaneshafnar. (2022010195)

Bréf dags. 11.01.22 frá íþrótt- og tómstundafulltrúa Reykjaneshafnar þar sem fram kemur að íþrótt- og tómstundaráð er að skoða möguleika á aðstöðusköpun í tengslum við stofnun siglingarklúbbs sem hluta af æskulýðsstarfi sveitarfélagsins. Horft hefur verið til þess að slík aðstaða yrði við Smábátahöfnina í Gróf, t.d. í bráðabirgðahúsnæði sem er þar til staðar. Óskað er eftir afstöðu Reykjaneshafnar til viðkomandi hugmyndar. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar fagnar viðkomandi hugmynd og telur hana falla vel að framtíðarsýn Reykjaneshafnar. Ef af yrði mun Reykjaneshöfn taka jákvætt í stöðuleyfi vegna viðkomandi bráðabirgðahúsnæðis til að lágmarki eins árs með möguleika á framlengingu, að því tilskyldu að vera þess raski ekki starfsemi hafnarinnar. Samþykkt samhljóða.*

**5. Hafnasamband Íslands. (2021010431)**

- a. Fundargerð 440. fundar Hafnasambands Íslands frá 03.12.2021. **Lögð fram til kynningar.**
- b. Nýframkvæmda- og viðhaldspörf hafna 2021-2031, skýrsla. **Lögð fram til kynningar.**
- c. Hafnasjóður Norðurlands gegn Gentle Giants-Hvalaferðum ehf., dómur 08.11.2021. **Lagður fram til kynningar.**

**6. Aalborg Portland Ísland ehf. (2022010196)**

Hafnarstjóri kynnti samkomulag milli Reykjaneshafnar og Aalborg Portland Ísland ehf. varðandi fyrirkomulag á greiðslu vörugjalda á innfluttu sementi um Helguvíkurhöfn árið 2022. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar samþykkir fyrirbyggjandi samkomulag og felur hafnarstjóra að undirrita það. Samþykkt samhljóða.*

**7. Norðurál Helguvík ehf. (2020080524)**

Hafnarstjóri fór yfir kröfu Reykjaneshafnar sem lýst hefur verið í þrotabú Norðurlands Helguvíkur ehf.

**8. Upplýsingagjöf hafnarstjóra. (2022010197)**

Hafnarstjóri fór yfir stöðu ýmissa mála er varðar starfsemi hafnarinnar.

---

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:45**